



Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - apríl 2014

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins 2014 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Handbært fé frá rekstri var jákvætt um 11,8 ma.kr. en var neikvætt um tæpa 4 ma.kr. á sama tímabili árið 2013. Innheimtar tekjur hækkuðu um 30,1 ma.kr. milli ára en greidd gjöld jukust um 16,5 ma.kr.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar - apríl 2014 (m.kr.)

	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2013</u>	<u>2014</u>
Innheimtar tekjur	147.091	143.565	167.478	174.569	204.702
Greidd gjöld	171.241	157.653	171.943	177.514	194.017
Tekjujöfnuður	-24.150	-14.088	-4.465	-2.945	10.685
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	13.057	4.942	-1.645	-1.042	1.065
Handbært fé frá rekstri	-11.093	-9.146	-6.110	-3.987	11.750
Fjárfestingarhreyfingar	-5.313	-1.754	-5.684	-17.573	-11.273
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-16.406	-10.900	-11.794	-21.560	477
Afborganir lána	-71.988	-6.020	-78.596	-12.552	-51.626
Innanlands	-71.988	-753	-1.486	-10.081	-26.852
Erlendis	0	-5.267	-77.110	-2.471	-24.774
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-88.394	-16.920	-90.390	-34.112	-51.149
Lántökur	59.621	33.173	31.582	47.636	27.858
Innanlands	62.246	20.504	16.044	47.636	27.858
Erlendis	-2.626	12.669	15.538	0	0
Breyting á handbæru fé	-28.773	16.253	-58.808	13.524	-23.291

Innheimtar tekjur ríkissjóðs jukust um 17,3% á milli ára og námu 204,7 ma.kr. á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2014. Frávikið frá áætlun nemur 20,7 ma.kr., en séu arðstekjur undanskildar eru tekjurnar aðeins 0,2 ma.kr. yfir áætlun. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 9% á milli ára og námu 172,5 ma.kr. sem er 8,7 ma.kr. eða 5,3% yfir áætlun.

Af 69,2 ma.kr. skatttekjum á tekjur og hagnað nam tekjuskattur einstaklinga 41,7 ma.kr. og tekjuskattur lögaðila 12,8 ma.kr. Tekjuskattar eru samtals 5,8 ma.kr. yfir áætlun sem skýrist að miklu leyti af svokallaðri eftirstöðvinnheimtu tekjuskatts lögaðila frá síðustu árum. Innheimtar tekjur af fjármagnstekjuskatti námu 14,8 ma.kr. sem er 1,3 ma.kr. yfir áætlun og 10,7% aukning frá því í fyrra. Staða á innheimtu fjármagnstekjuskatts er góð en vert er að hafa í huga að endurgreiðslan til lögaðila á eftir að eiga sér stað við endanlega álagningu opinberra gjalda í haust.



Tekjur ríkissjóðs janúar-apríl 2012-2014

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2012	2013	2014	2012	2013	2014
Skatttekjur og tryggingagjöld	154.548	158.237	172.508	15,3	2,4	9,0
Skattar á tekjur og hagnað	60.141	60.705	69.230	13,8	0,9	14,0
Tekjuskattur einstaklinga	36.635	38.667	41.698	19,8	5,5	7,8
Tekjuskattur lögaðila	11.887	8.694	12.758	166,4	-26,9	46,8
Skattur á fjármagnstekjur	11.619	13.345	14.774	-34,7	14,9	10,7
Eignarskattar	4.291	3.599	3.433	190,5	-16,1	-4,6
Skattar á vöru og þjónustu	64.986	67.850	72.443	15,8	4,4	6,8
Virðisaukaskattur	42.349	44.466	48.386	15,0	5,0	8,8
Vörugjöld af ökutækjum	1.180	1.191	1.279	71,3	1,0	7,4
Vörugjöld af bensíni	3.494	3.492	3.546	7,8	-0,1	1,6
Skattar á olíu	1.998	1.981	2.096	10,2	-0,8	5,8
Áfengisgjald og tóbaksgjald	4.761	4.981	5.503	6,3	4,6	10,5
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	11.204	11.739	11.633	23,8	4,8	-0,9
Tollar og aðflutningsgjöld	2.137	1.864	1.730	8,2	-12,8	-7,2
Aðrir skattar	1.730	2.442	2.554	42,7	41,1	4,6
Tryggingagjöld	21.263	21.776	23.118	4,2	2,4	6,2
Fjárframlög	52	55	57	-72,9	4,4	4,4
Aðrar tekjur	11.672	15.848	32.055	25,3	35,8	102,3
Sala eigna	1.206	429	82	-	-	-
Tekjur alls	167.478	174.569	204.703	16,6	4,2	17,3

Skattar á launagreiðslur og vinnuafl, þar með talinn fjársýsluskattur, námu 2,3 ma.kr. sem er aukning um 8,7% á milli ára og 9,2% yfir áætlun. Tekjur af eignarsköttum námu 3,4 ma.kr. tímabilið janúar-apríl sem er samdráttur upp á 4,6% á milli ára og 0,2 ma.kr. eða 4,2% undir tekjuáætlun fjárlaga.

Auðlegðarskattur er 11,2% yfir áætlun og nam 1,7 ma.kr. á tímabilinu sem er aukning um 15,7% á milli ára. Stimpilgjöld drógust saman um 22,4% á milli ára og námu 1 ma.kr. sem er rúmlega 25% undir áætlun. Erfðafjárskattur nam 0,6 ma.kr. sem er lítillega undir áætlun og aukning um 5,4% á milli ára.

Skattar á vöru og þjónustu jukust um 6,8% á milli ára og námu þeir samtals 72,4 ma.kr. sem er 0,6 ma.kr. yfir áætlun fjárlaga. Virðisaukaskattur, sem vegur mest í þessum flokki skatta, nam 48,4 ma.kr. sem er 0,8 ma.kr. yfir áætlun fyrir tímabilið og var aukning hans á milli ára 8,8%. Almenn vörugjöld eru 0,2 ma.kr. undir áætlun fyrir tímabilið og námu 1,9 ma.kr. sem er aukning um 1,8% frá sama tíma í fyrra.

Vörugjöld af ökutækjum námu 1,3 ma.kr. og vörugjöld af bensíni 3,5 ma.kr. en bæði eru aðeins undir áætlun á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Olúgjaldið skilaði 2,1 ma.kr. sem er aukning um tæplega 6% á milli ára og kolefnisgjaldið 1,0 ma.kr. sem er aukning um 3,5% á milli ára. Bifreiðagjaldið er 5% undir áætlun og nam 3,1 ma.kr. á tímabilinu.



Áfengisgjaldið skilaði 3,6 ma.kr. sem er 0,2 ma.kr. yfir áætlun og 12,6% aukning frá því í fyrra. Tóbaksgjaldið jókst um 6,7% á milli ára og nam 1,9 ma.kr. sem er rétt yfir áætlun. Sala áfengis tímabilið janúar-apríl, mælt í vínanda allra tegunda samanlagt, jókst aðeins á milli ára eða um rúm 2%. Tóbakssala tímabilsins jókst um 8,8% að magninu til milli ára sem er talsvert umfram áætlun.

Tollar og aðflutningsgjöld námu 1,7 ma.kr. sem er 0,5 ma.kr. meira en gert hafði verið ráð fyrir en samdráttur um 7,2% á milli ára. Samdrátturinn skýrist alfarið af brottfalli fóðurgjalda.

Tekjur af tryggingagjöldum námu 23,1 ma.kr. á tímabilinu sem er 2,3% yfir áætlun og 6,2% aukning frá því í fyrra. Almenna tryggingagjaldið nam 14,5 ma.kr. en atvinnutryggingagjaldið nam 6,3 ma.kr.

Aðrar tekjur en skatttekjur eru nokkuð yfir áætlun og er frávikið 12,4 ma.kr. fyrir tímabilið janúar-apríl en tekjurnar námu samtals 32,1 ma.kr. Arður frá Landsbankanum sem greiddur var í mars skýrir frávikið að langmestu leyti en hann nam 19,7 ma.kr. Veidigjaldið skilaði 3,4 ma.kr. og er frávik þess miðað við áætlun enn neikvætt síðan í janúar, sem nemur um 11%. Þar af nam almenna veiðigjaldið 1,9 ma.kr. og það sérstaka 1.5 ma.kr. Líklegt er að um hliðrun milli mánaða sé að ræða miðað við upphaflega mánaðadreifingu og að frávik í veiðigjaldi muni fara minnkandi þegar líður á árið.

Greidd gjöld námu 194 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 16,5 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 9,3% sem er heldur meira en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til einstakra málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan. Þegar fjallað er um áætlun hér að neðan er átt við þann hluta fjárheimildar ársins sem áætlanir ráðuneyta og stofnana gerðu ráð fyrir að tilheyrði þessum fjórum mánuðum ársins.

Gjöld ríkissjóðs janúar - apríl 2012-2014

	2014	2013	Áætlun	Br. frá 2012	Br. frá áætlun
<i>Æðsta stjórnýsla og löggjafarvald</i>	1.306	1.186	1.195	10,1	9,3
<i>Fjármálastjórnýsla ríkisins</i>	3.260	3.143	3.332	3,7	-2,2
<i>Utanríkismál</i>	4.129	3.325	4.101	24,2	0,7
<i>Önnur almenn opinber þjónusta</i>	2.735	2.331	2.528	17,3	8,2
<i>Fjármagnskostnaður</i>	28.005	23.310	27.856	20,1	0,5
<i>Almenn fjárframlög til sveitarfélaga</i>	5.471	5.521	5.471	-0,9	0,0
Almenn opinber þjónusta	44.905	38.817	44.482	15,7	1,0
Lög- og réttargæsla	7.010	7.207	6.971	-2,7	0,6
<i>Almenn atvinnumál og markaðseftirlit</i>	2.189	2.172	2.026	0,8	8,0
<i>Landbúnaðarmál</i>	4.821	4.996	4.824	-3,5	-0,1
<i>Samgöngumál</i>	6.517	4.958	5.574	31,4	16,9
<i>Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum</i>	1.642	1.185	1.787	38,6	-8,1
<i>Önnur efnahags- og atvinnumál</i>	3.201	2.600	3.531	23,1	-9,4
Efnahags- og atvinnumál	18.370	15.910	17.743	15,5	3,5
<i>Lyf og lækningavörur</i>	6.423	6.518	5.892	-1,5	9,0
<i>Heilsugæsla</i>	8.612	7.904	8.770	9,0	-1,8
<i>Sjúkrahúspjónusta</i>	18.765	17.902	18.697	4,8	0,4



<i>Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir</i>	8.682	7.988	9.236	8,7	-6,0
<i>Heilbrigðiseftirlit og stjórnsýsla</i>	1.347	1.391	1.360	-3,2	-1,0
Heilbrigðismál	43.829	41.703	43.955	5,1	-0,3
<i>Menningarmál</i>	3.106	2.949	3.250	5,3	-4,4
<i>Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál</i>	3.517	3.320	3.442	5,9	2,2
Menningar- og félagsmál	6.623	6.269	6.692	5,6	-1,0
<i>Framhaldsskólastig</i>	6.548	6.643	7.133	-1,4	-8,2
<i>Háskólastig</i>	11.242	11.343	11.943	-0,9	-5,9
<i>Önnur menntamál</i>	1.515	1.481	1.680	2,3	-9,9
Menntamál	19.304	19.467	20.756	-0,8	-7,0
<i>Örorka og fötlun</i>	10.897	10.015	10.989	8,8	-0,8
<i>Öldrun</i>	15.388	13.372	15.413	15,1	-0,2
<i>Fjölskyldur og börn</i>	8.945	9.442	9.432	-5,3	-5,2
<i>Atvinnuleysi</i>	5.427	6.694	5.511	-18,9	-1,5
<i>Vaxtabætur</i>	331	198	700	66,9	-52,8
<i>Önnur trygginga- og velferðarmál</i>	2.546	2.490	2.593	2,2	-1,8
Almannatryggingar og velferðarmál	43.533	42.211	44.639	3,1	-2,5
<i>Lífeyrisskildbindingar, eftirlaun</i>	3.474	3.329	2.425	4,4	43,3
<i>Fjármagnstekjuskattur</i>	4.900	506	1.521	868,4	222,2
<i>Annað</i>	2.069	2.095	2.111	-1,2	-2,0
Önnur útgjöld	10.443	5.930	6.057	76,1	72,4
Gjöld alls	194.017	177.514	191.295	-8,5	7,8

Útgjöld til almennrar þjónustu námu samtals 44,9 ma.kr. á fyrstu fjórum mánuðum ársins samanborið við 38,8 ma.kr. á síðasta ári sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Fjármagnskostnaður ríkissjóðs skýrir stærstan hluta þessara útgjalda en hann nam um 28 ma.kr. og jókst um 4,7 ma.kr. milli ára sem er í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna utanríkismála námu 4,1 ma.kr. samanborið við 3,3 ma.kr. á fyrra ári sem er svipað og áætlað hafði verið. Af þessum útgjöldum námu útgjöld sendiráða Íslands 1,1 ma.kr. og útgjöld vegna alþjóðastofnana 1,4 ma.kr. Almenn framlög til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga námu 5,5 ma.kr. á tímabilinu og voru svipuð og á fyrra ári eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna fjármálastjórnsýslu ríkisins voru í samræmi við áætlanir og námu 3,3 ma.kr. þar sem mest munaði um útgjöld ríkisskattstjóra sem námu 901 m.kr., útgjöld Fjársýslu ríkisins sem námu 580 m.kr. og útgjöld tollstjóra sem námu 833 m.kr. Útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu námu um 4 ma.kr. og jukust um tæpar 500 m.kr. á milli ára.

Útgjöld til lög- og réttargæslu námu um 7 ma.kr. svipað og á fyrra ári sem er í samræmi við það sem gert var ráð fyrir. Stærstu útgjaldapættirnir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu 1,2 ma.kr. sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem voru 1,1 ma.kr. og dragast saman um rúmar 200 m.kr. milli ára. Þá námu útgjöld Ríkislögreglustjóra 529 m.kr. á tímabilinu sem er lítillega umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir, útgjöld héraðsdómstóla 465 m.kr., útgjöld sýslumannsembætta 732 m.kr., útgjöld Fangelsismálastofnunar 462 m.kr. og útgjöld vegna framkvæmda við fangelsisbyggingar 304 m.kr.



Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust um 2,5 ma.kr. á milli ára og námu 18,4 ma.kr. á þessum fyrstu fjórum mánuðum. Stærstu útgjaldaliðir þessa flokks eru útgjöld vegna samgöngumála sem námu 6,5 ma.kr. samanborið við tæpa 5 ma.kr. á fyrra ári. Framkvæmdir Vegagerðarinnar skýra þetta að stærstum hluta en útgjöld Vegagerðarinnar námu 5,3 ma.kr. á tímabilinu sem er umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir og skýrist með annarri dreifingu raunútgjalda en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Útgjöld vegna landbúnaðarmála námu 4,8 ma.kr. þar sem mest munar um greiðslur vegna landbúnaðarframleiðslu sem námu um 4 ma.kr. Útgjöld vegna almennra atvinnumála og markaðseftirlits námu 2,2 ma.kr. þar sem munar mest um útgjöld Fjármálaeftirlitsins sem námu 561 m.kr. og útgjöld Veðurstofunnar sem námu 399 m.kr. Útgjöld vegna rannsókna og þróunar í efnahags- og atvinnumálum námu rúmum 1,6 ma.kr. þar sem mest munar um útgjöld Hafrannsóknastofnunar upp á 453 m.kr., útgjöld vegna matvælarannsókna, sem voru 333 m.kr. og útgjöld Tækniþróunarsjóðs, sem námu 398 m.kr. Þá námu útgjöld vegna annarra efnahags- og atvinnumála 3,2 ma.kr. þar sem endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi námu 542 m.kr. og niðurgreiðslur á húshitun 429 m.kr.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 43,8 ma.kr. og jukust um 2,1 ma.kr. milli ára, sem var í samræmi við það sem gert var ráð fyrir. Útgjöld vegna lyfja og lækningavara námu 6,4 ma.kr. samanborið við 6,5 ma.kr. 2013 sem er nokkuð umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir og skýrist alfarið með halla á þeim rekstri Sjúkratrygginga sem snýr að lyfjakaupum. Útgjöld vegna heilsugæslu námu 8,6 ma.kr. samanborið við 7,9 ma.kr. 2013 sem er að mestu í samræmi við áætlanir. Greiðslur Sjúkratrygginga vegna heilsugæsluþjónustu námu 2,4 ma.kr. og útgjöld Heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu námu 1,6 ma.kr. Útgjöld vegna sjúkrahússþjónustu námu 18,8 ma.kr. samanborið við 17,9 ma.kr. 2013 og er þetta í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Langstærstur hluti þessara útgjalda skýrist með útgjöldum Landspítala sem námu 13,9 ma.kr. en útgjöld Sjúkrahússins á Akureyri námu 1,7 ma.kr. og annarra heilbrigðisstofnana 2,4 ma.kr. Útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana námu 8,7 ma.kr. og jukust um 694 m.kr. milli ára. sem er nokkru minna en gert hafði verið ráð fyrir. Þá námu útgjöld vegna heilbrigðiseftirlits og stjórnáslu rúmum 1,3 ma.kr. á tímabilinu samanborið við 1,4 ma.kr. á fyrra ári.

Útgjöld til menningar- og félagsmála námu 6,6 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára en voru svipuð og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til menningarmála skýra 3,1 ma.kr. þar sem mest munar um rekstur Landsbókasafns-Háskólabókasafns sem námu 491 m.kr., framlög til lista sem námu 343 m.kr. og útgjöld vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem námu 307 m.kr. Útgjöld vegna íþróttar, fjölmiðlunar, félags- og trúmála námu 3,5 ma.kr. þar sem helstu útgjaldapættir eru Ríkisútvarpið 1,2 ma.kr. og útgjöld til kirkju- og sóknamála samtals um 1,9 ma.kr.

Útgjöld til menntamála námu 19,3 ma.kr. á fyrstu fjórum mánuðum ársins og voru svipuð og á árinu 2013 en heldur lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna framhaldsskólastigs námu 6,5 ma.kr. og voru nokkuð lægri en gert hafði verið ráð fyrir sem skýrist að mestu með lægri launaútgjöldum vegna verkfalls framhaldsskólakennara á tímabilinu. Útgjöld vegna háskólastigs námu 11,2 ma.kr. sem var lítillega innan þess sem gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld Háskóla Íslands námu 3,8 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna 5,6 ma.kr. Þá námu útgjöld vegna Háskólans í



Reykjavík 734 m.kr og Háskólans á Akureyri 480 m.kr. Útgjöld vegna annarra menntamála námu 1,5 ma.kr. þar sem mest munar um útgjöld vegna símenntunar og fjarkennslu upp á 421 m.kr. og útgjöld vegna jöfnunar á námskostnaði að upphæð 300 m.kr.

Útgjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála námu 43,5 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 1,3 ma.kr. milli ára. Undir þennan flokk falla stórir bóталиðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna örorku- og fötlunarmála námu 10,9 ma.kr. þar sem mest munar um hlutdeild lífeyristrygginga í þessum málaflokki sem námu 9,1 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld vegna öldrunarmála námu 15,4 ma.kr. og aftur skýrir hlutdeild lífeyristrygginga stærstan hluta og námu slík útgjöld um 12,3 ma.kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð um 2,2 ma.kr. Útgjöld vegna fjölskyldu- og barnamála námu 8,9 ma.kr. þar sem barnabætur upp á 4,8 ma.kr. skýra stærstan hluta útgjalda og svo námu útgjöld vegna Fæðingarorlofs 2,8 ma.kr. Útgjöld vegna atvinnuleysis námu 5,4 ma.kr. samanborið við 6,7 ma.kr. á sama tímabili í fyrra og eru því að dragast verulega saman milli ára sem er í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Greiddar vaxtabætur námu rúmum 300 m.kr. á tímabilinu sem er nokkuð minna en gert hafði verið ráð fyrir. Önnur trygginga- og velferðarmál námu 2,5 ma.kr. útgjöldum á tímabilinu sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Í heild námu útgjöld vegna lífeyristrygginga 22,8 ma.kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð 4,4 ma.kr.

Önnur útgjöld námu 10,4 ma.kr. samanborið við 5,9 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga námu 3,5 ma.kr. sem er tæpum 1 ma.kr. hærra en áætlanir gerðu ráð fyrir. Greiddur fjármagnstekjuskattur nam 4,9 ma.kr. á tímabilinu og jókst verulega milli ára og var jafnframt vel umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir. Þessar greiðslur renna hins vegar í ríkissjóð og því er sambærilegt jákvætt frávik á tekjuhlíð og því engin nettó áhrif á afkomu ríkissjóð. Þá námu útgjöld vegna umhverfisverndar 1,5 ma.kr., útgjöld vegna varnarmála 325 m.kr. og útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála 288 m.kr.

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárjöfnuður ársins var jákvæður um 477 m.kr. en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 21,6 ma.kr. Brúttó var lánsfjárjöfnuðurinn neikvæður um 51,1 ma.kr. samanborið við 34,1 ma.kr. 2013.

Afborganir og uppgreiðslur á lánum námu 51,6 ma.kr. þar sem afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs námu 26,8 ma.kr. og af erlendum lánum 24,8 ma.kr.

Heildarlántökur á tímabilinu námu 27,9 ma.kr. sem skýrast alfarið af innlendum lántökum. Handbært fé ríkissjóðs lækkaði um 23,3 ma.kr. á tímabilinu.